



Ársskýrsla Slökkviliðs Fjallabyggðar

– 2022 –



Inngangur:

Starf innan Slökkviliðs Fjallabyggðar gekk vel á árinu 2022. Rúmlega þrjátíu útköll eru skráð í miðlægum grunni Neyðarlínunnar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og er það utan annarra verkefna sem komu inn á borð slökkviliðs. Þá voru haldnar níu æfingar þar sem slökkviliðsmenn æfðu viðbrögð við hinum ýmsu verkefnum sem upp geta komið.

Tveir fastráðnir starfsmenn eru í Slökkviliði Fjallabyggðar. Slökkviliðsstjóri í 100% stöðugildi og varaslökkviliðsstjóri í 30% stöðugildi. Slökkviliðsstjóri sinni daglegum rekstri liðsins, s.s. útköllum, eldvarnaeftirliti, forvarnarstarfi, slökkvitækjaþjónustu, eftirliti og umsjón með búnaði auk þess að skipuleggja æfingar, menntun og endurmenntun fyrir slökkviliðsmenn og hin ýmsu störf. Varaslökkviliðsstjóri sinnir eftirliti með tækjum og búnaði á slökkvistöð á Ólafsfirði og er slökkviliðsstjóra innan handar í önnur verk auk þátttöku í undirbúningi og skipulagningu æfinga slökkviliðsmanna. Þá er hann upplýstur um rekstur slökkviliðsins á hverjum tíma. Varaslökkviliðsstjóri er staðgengill slökkviliðsstjóra í fjarveru hans.

Nú um áramót eru 30 hlutastarfangi slökkviliðsmenn í Slökkviliði Fjallabyggðar auk slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. 15 á Siglufirði og 15 á Ólafsfirði. Fyrirséð er að taka þarf inn 3-5 nýliða inn í liðið á árinu 2023 þar sem nokkrir innan liðsins hafa óskað að draga sig úr starfi sökum aldurs. Nýliðun á ekki að hafa áhrif á fjárhagsáætlun liðsins.

Tækja- og búnaðarmál slökkviliðsins og slökkviliðsmanna er ávallt í brennidepli. Vel gengur að endurnýja persónulega hlífðarbúnað slökkviliðsmanna sem var kominn til ára sinna og löngu runninn út á tíma samkvæmt reglugerð. Um mitt þetta ár verður búið að endurnýja 2/3 af þeim hlífðarfatnaði sem þarf að endurnýja.

Á haustdögum fékk slökkviliðið stiga- og körfubifreið frá Slökkviliði Akureyrar til geymslu og notkunar. Var það tilkomið þar sem Slökkvilið Akureyrar hafði fengið nýja bifreið til sín og hafði ekki aðstöðu fyrir eldri bíl. Bæjaryfirvöld í Fjallabyggð tóku þá ánægjulegu ákvörðun að fest kaup á bílnum undir lok ársins og er hann nú undir merkjum Slökkviliðs Fjallabyggðar og leysir af hólmi eldri körfubíl liðsins sem er frá árinu 1969 og var komin tími á endurnýjun.

Stefna slökkviliðsins er að vera alltaf tilbúið fyrir allar aðgerðir sem upp geta komið og eigi auðvelt með að skipta um „taktík“ í mismunandi verkefnum. Slökkviliðið er björgunarlið fyrir íbúa sveitarfélagsins, gesti og samfélagið allt og því mikilvægt að kerfi okkar standist allt álag. Slökkviliðið er ávallt tilbúið til útkalls.

Slökkvilið Fjallabyggðar heldur úti Facebook-síðu þar sem starf slökkviliðsins er ítarlega kynnt auk þess sem allar tilkynningar er varða almenning eru settar fram.

Hér að neðan má kynna sér einstaka þætti í rekstri slökkviliðsins



Brunavarnaáætlun:


Undir lok árs skrifuðu bæjarstjóri Fjallabyggðar, slökkviliðsstjóri og forstjóri Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar undir nýja Brunavarnaáætlun slökkviliðsins og gildir hún til ársins 2026. Áður hafði áætlunin verið lögð fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til samþykktar. Áætlunin er grunnurinn að starfsemi slökkviliðsins og í henni er lagt fram áhættumat vegna einstakara húsa og/eða starfsemi í sveitarfélaginu komi upp atburðir sem krefjast björgunar og/eða slökkvistarfs.

Áhættuflokkarnir sem um ræðir eru fimm og sá fimmti alvarlegastur og utan björgunargetu slökkviliðsins. Jarðgöngin í sveitarfélaginu falla öll undir áhættuflokk fimm og er það að mestu vegna tækja- og búnaðarmála. Sveitarfélagið og slökkvilið þurfa nú að taka upp formlegar viðræður við eiganda samgöngumannvirkjana því lögum og reglum samkvæmt skal eigandi þeirra sjá slökkviliði fyrir búnaðar- og tækjakosti vegna mannvirkjana.

Eldvarnareftirlit:

Eldvarnareftirlit í sveitarfélaginu er að komast á skrið. Endurskipulagning starfsins er enn í gangi. Verkefni í eldvarnareftirliti eru þó nokkur en almennar skoðanir skiptast í tvo flokka. Það eru árlegar skoðanir og svo skoðanir fjórða hvert ár. Eldvarnarskoðun getur verið mistímafrek. Allt frá skoðun sem tekur eina klukkustund og upp í heilan dag. Það fer eftir stærð húsnæðis og eðli starfsemi.

Í miðlægum eldvarnargrunni slökkviliða, Brunaverði, eru 108 mál skráð á Slökkvilið Fjallabyggðar. Af þeim er 105 málum lokið og þrjú enn í vinnslu.





Slökkvitækjapjónusta:

Slökkvilið Fjallabyggðar hefur í mörg ár rekið slökkvitækjapjónustu sem skoðar, þjónustar og endurhleður handslökkvitæki fyrir fyrirtæki, stofnanir, útgerðir báta og skipa, bifreiðareigendur og íbúa sveitarfélagsins. Hefur þessi þjónustupáttur mælst vel fyrir og stuðlað að virkari forvörnum en ella. Á það ekki síst við um heimili fólks.

Þó nokkur umsvif eru í slökkvitækjapjónustu slökkviliðsins. Snýr það að þjónustuskoðun slökkvitækja í fasteignum og þjónustuskoðun slökkvitækja í skipum og bátum þar sem einnig þarf að gefa út vottorð vegna eldvarnarbúnaðar. Um 400 slökkvitæki voru tekin til skoðunar á árinu 2022. Þá hafði slökkviliði milligöngu um endursölu slökkvitækja og eldvarnarbúnaði sem þörf var á að endurnýja.

Starfsleyfi vegna slökkvitækjapjónustunnar rann út á síðasta ári. Sótt var um endurnýjun starfsleyfis til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Nýtt starfsleyfi var gefið út í upphafi vetrar sem gildir til loka árs 2027.

Forvarnarstarf:

Slökkvilið sinnti fjölmörgum forvarnarverkefnum á árinu. Heimsóknir í leik- og grunnskóla er hluti af árlegum verkefnum slökkviliðsins. Má þar nefna að á voru er efsta stigi leikskólans boðið í heimsókn á slökkvistöð þar sem útskriftarárgangur fær viðurkenningu fyrir eftirlit í leikskólanum veturinn á undan. Sami árgangur er svo heimsóttur á haustönn þar sem þau fá verkefni yfir veturinn að fylgjast með eldvarnarbúnaði í skólahúsinu. Þá er þriðji bekkur grunnskólans heimsóttur á aðventunni þar sem minnt er á mikilvægi brunavarna og hlutverk þeirra að minna foreldra sína á að hafa eldvarnarbúnað heimilisins í lagi.

Slökkviliðið tók þátt í nokkrum viðburðum á árinu m.t.t. forvarna. Þar má nefna 1-1-2 daginn, 17. júní, hátíðarhöld um verslunarmannahelgi, minningardegi um fórnarlömb umferðarslysa og átaksverkefni um brunavarnir í desember. Nokkur fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir nýttu sér boð slökkviliðsins um eldvarnarfræðslu og handslökkvitækjakennslu.

Slökkviliðsstjóri þáði boð um að halda erindi á ráðstefnu aðgerðarstjórnenda sem fór fram á Mývatni s.l. vor þar sem farið var í gegnum aðgerðir slökkviliðsins í flóði á Ólafsfirði í október 2021.






Útköll:

Slökkvilið Fjallabyggðar fór í 32 útköll á árinu 2022. Skilgreining forgangs er með eftirfarandi hætti:


- F1** – Slökkvilið sent á vettvang með forgangsakstri án tafar. Talin þörf á lífsbjargandi aðstoð.
- F2** – Slökkvilið sent á vettvang með forgangsakstri án tafar. Þörf á skjótri aðstoð þar sem aðstæður geta breyst.
- F3** – Slökkvilið sent á vettvang án forgangsaksturs. Verkefni sem ekki þola bið.
- F4** – Slökkvilið eða bakvakt sent á vettvang án forgangsaksturs til aðstoðar eða skoðunar.

Útköll ársins 2022 skiptast með þessum hætti:






Útköll ársins 2022 skiptast með eftirfarandi hætti eftir verkefnum:



Forgangur útkalla ársins 2022 skiptist með eftirfarandi hætti:





Helstu útköll ársins 2022

Af þeim útköllum sem Slökkvilið Fjallabyggðar sinnti á síðasta ári eru nokkur sem skera sig úr er varða eðli og umfang.

11. og 12. janúar – Eldur í tengivagni flutningabifreiðar á Siglufjarðarvegi

Slökkvilið fékk tilkynningu um eld í tengivagni flutningabifreiðar. Aðstæður voru mjög erfiðar á vettvangi. Mikil háлка, hríð og mikill vindur. Slökkvistarf gekk vel en eldur tók sig upp aftur vegna glóðar. Tengivagninn gjöreyðilagðist. Á þessum tíma var Öxnadalshéiði lokað vegna veðurs og því öll umferð um okkar svæði á meðan.

15. febrúar – Umferðarslys í Héðinsfjarðargöngum

Slökkvilið fékk tilkynningu um umferðarslys í Héðinsfjarðargöngum, skammt frá munna Ólafsfjarðarmegin. Þar höfðu tveir bílar lent saman. Tveir voru fluttir á slysadeild með sjúkrabíl.

28. febrúar – Eldur í húsi að Hverfisgötu

Slökkvilið fékk tilkynningu um eld í íbúðarhúsi. Töluverður eldur var í húsinu þegar að var komið en enginn var í húsinu þegar eldurinn kom upp. Ekki mátti miklu muna að húsnaðið yrði alelda. Einn slökkviliðsmaður slasaðist á hendi í aðgerðum.

18. mars – Eldur í húsi að Vesturgötu – Einum bjargað

Slökkvilið fékk tilkynningu um að reykur kæmi frá húsi að Vesturgötu á Ólafsfirði. Mikil reykur kom frá húsinu þegar að var komið og fóru reykkafarar slökkviliðs inn í húsið. Einum var bjargað úr húsinu ásamt gæludýri. Til allrar mildi var ekki eldur í húsinu en pottur hafði gleymst á eldavel. Húsið var allt fullt af reyk.

16. maí – Eldur í báti

Slökkvilið fékk tilkynningu um að eldur logaði í 10 tonna plast báti í Siglufjarðarhöfn. Þegar að var komi hafi eigandi bátsins náð að slökkva eldinn.

10. júní – Umferðarslys við Depla

Slökkvilið fékk tilkynningu um bílveltu við Depla í Fljótum. Einn var fluttur á slysadeild með sjúkrabíl.

9. september – Jarðskjálftahrina úti fyrir Norðurlandi

Almannavarnir lýsa yfir Óvissustigi almannavarna vegna jarðskjálftahrinnar. Stjórnendur slökkviliðs fóru yfir skipulag.

3. október – Aðstoð við sjúkrabíl

Slökkviliðsstjóri fór til aðstoðar með sjúkrabíl vegna máls við Ólafsvæg.

11. nóvember – Mikill vatnsleki í Síldarminjasafninu og öðrum húsum

Slökkvilið fær tilkynningu um mikið vatn í hlusta húss í eigu Síldarminjasafnsins. Langan tíma tók að dæla vatni frá. Vatnsleki kom að fleiri húsum sem slökkvilið sinnti einnig.



Myndir úr verkefnum slökkviliðs

Almannavarnastig:


Ríkislögreglustjóri í samráði við lögreglustjórann á Norðurlandi eystra lýsti yfir almannavarnastigi á svæðinu nokkrum sinnum á árinu 2022. Þegar slíkt viðbragð fer í gang tengjast viðbragðsaðilar á svæðinu þéttari böndum og eru regluleg fundarhöld á meðan almannavarnastig er í gildi. Slökkviliðsstjóri sat alla fundi vegna þeirra mála sem upp komu og var bæjarstjóri, fjármálastjóri og forstöðumaður tæknideildar Fjallabyggðar upplýstir um gang mála í hvert skipti og hverju sinni.

Óvissustigi almannavarna var lýst yfir þrisvar sinnum:


- 21. febrúar vegna óveðurs
- 9. september vegna jarðskjálftahrinu úti fyrir Norðurlandi
- 24. september vegna óveðurs

Hættustigi almannavarna var lýst yfir tvisvar sinnum:

- 6. febrúar vegna óveðurs
- 8. október vegna óveðurs



Tímasetning og stærð skjálfta 10. sep. 12:55



Skjáskot úr grunni Veðurstofu Íslands vegna jarðskjálftahrinu

Æfingar og menntun slökkviliðsmanna:

Slökkvilið Fjallabyggðar æfði níu sinnum á árinu 2022 og uppfyllir þar með skyldur sínar samkvæmt lögum um Brunamál nr. 75/2000. Að jafnaði eru æft fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði frá janúar til maí og september til desember.

Æfingar á s.l. ári voru settar upp með þessum hætti:

- **Janúar** - Farið yfir búnað allra ökutækja, vinnukvöld á slökkvistöð
- **Febrúar** - Reykköfun, vatnsöflun, stjórnun og akstur
- **Mars** - Rýni vegna húsbruna og vettvangsheimsókn
- **Apríl** - Flókin reykköfun
- **Maí** - Fyrirlestur um bruna í rafmagnsbílum
- **September** – Körfubíll og árásartækni og -lagnir
- **Október** – Körfubíll og björgunarklippur
- **Nóvember** – Eiturefnaæfing og eiturefnaköfun
- **Desember** – Reykköfun um borð í skipi með áhöfninni á Vs. Freyju og körfubíll

Með þeirri kynslóðabreytingu sem á sér stað innan Slökkviliðs Fjallabyggðar þarf að mennta slökkviliðsmenn og auka þekkingu þeirra. Allir nýliðar sem komu til liðsins árið 2021 luku námi til



löggildingar vorið 2022. Til þess að öðlast löggildingu þurfa þeir að ljúka þremur af fimm námskeiðum á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og vera á útkallslista slökkviliðs í fjögur ár. Tveir nýir slökkviliðsmenn komu inn í liðið á árinu 2022. Annar þeirra frá Slökkviliði Borgarbyggðar og með grunnenntun til löggildingar. Hinn hóf nám við Brunamálaskóla Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Tveir reyndari slökkviliðsmenn innan liðsins öðluðust löggildingu á árinu.

Fyrirséð er að fjölga þarf í nýliðahópi á árinu 2023 og gerir slökkviliðsstjóri ráð fyrir að taka 3-5 nýja einstaklinga inn í liðið. Leita þarf leiða til þess að efla í hópi þeirra sem hafa aukin ökuréttindi og vinnuvélaréttindi.



Slökkviliðsmenn sem luku námi til löggildingar á árinu 2022

Eftirmáli:

Starfsemi slökkviliðsins er á réttri leið. Áhugi fyrir starfinu er til staðar hjá öllum þeim sem koma að því og bæjaryfirvöld hafa sýnt stuðning sinn í verki.

Eins og að framan greinir mun nýliðun halda áfram á árinu 2023. Helst áskorunin í því efni er að fá einstaklinga með aukin ökuréttindi. Önnur slökkvilið á svæðinu hafa gert samning við slökkviliðsmenn á þá leið að sveitarfélag greiðir þriðjung af náminu, þriðjungur er sóttur til stéttarfélags í gegnum styrk og þriðjungur dregin af launum slökkviliðsmanna í ákveðinn tíma. Slökkviliðsstjóri telur að sú leið sé vænlegust.

Endurskipulagning eldvarnareftirlits heldur áfram á þessu ári og hefur skoðunaráætlun verið birt á heimasvæði slökkviliðsins á www.fjallabyggd.is. Þá mun slökkvilið áfram halda úti öflugum forvarnarstarfi.

Slökkviliðsstjóri vill þakka varaslökkviliðsstjóra, varðstjórum og slökkviliðsmönnum samvinnuna á árinu 2022 og sömuleiðis bæjarstjórn, bæjarráði og bæjarstjóra. Þá eru deildarstjóra tæknideildar, starfsmönnum ráðhúss og þjónustumiðstöðvar færðar þakkir fyrir samstarfið og aðstoðina á liðnu ári.

Sérstakar þakkir fá þeir sem komu a björgunaraðgerðum með slökkviliði á árinu.

Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri